

## Ályktun stjórnar Landssambands smábátæigenda um stjórnsýslukæru hjá Umboðsmanni Alþingis

Stjórn Landssambands smábátæigenda (LS) lýsir yfir miklum áhyggjum af því að enn hafi ekki verið tryggt með lagabreytingum að strandveiðar geti staðið í 48 daga, né heldur að nægjanlegt aflamagn verði tryggt svo ekki komi til stöðvunar veiða.

Fyrir liggur að svör atvinnuvega- og innviðaráðherra um aukningu afla benda til þess að sú framkvæmd sem beitt hefur verið undanfarin ár kunni ekki að standast lög. Þá hefur komið fram að Ísfélagið í Vestmannaeyjum, eitt aðildarfélag Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, hafi leitað til Umboðsmanns Alþingis vegna þessa máls. Í kjölfarið hefur Umboðsmaður Alþingis beint ítarlegum fyrirspurnum til atvinnuvegaráðuneytisins.


LS hefur óskað eftir afritum af þeim bréfum og gögnum sem farið hafa milli ráðuneytisins og Umboðsmanns Alþingis, sem og samskiptum ráðuneytisins við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og aðildarfélag þeirra vegna málsins.

Stjórn LS telur óásættanlegt að ráðist hafi verið í breytt vinnubrögð af hálfu ráðherra sem leiða til skerðingar á aflamagni til strandveiða og línuvinnunar, án þess að fyrir liggji niðurstaða um að fyrri framkvæmd hafi verið andstæð lögum. Slík málsmeðferð skapar óvissu, grefur undan trausti og bitnar með alvarlegum hætti á hagsmunum smábátæigenda um land allt.

Stjórn LS krefst þess að stjórnvöld tryggi þegar í stað strandveiðum þann lagalega og efnislega grundvöll sem nauðsynlegur er til að standa við gefin fyrirheit um 48 daga strandveiðitímabil og að tryggt verði nægjanlegt aflamagn til veiðanna.

Reykjavík 15. maí 2026

fh. stjórnar LS



Kjartan Páll Sveinsson formaður